

## **Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um ljósastýringarmál**

Borgarstjórn samþykkir að á grunni samgöngusáttmálans fari öll ljósastýringarmál á höfuðborgarsvæðinu til Vegagerðarinnar og/eða Betri samgangna ohf., ásamt innkaupum á búnaði, viðhaldi og öðru sem undir ljósastýringar falla.

### **Greinargerð**

Ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík meðtaldri undirrituðu samkomulag í september 2019 um uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára, oftast kallað samgöngusáttmálinn.

Í markmiðskafla sáttmálans segir að samkomulagið eigi að stuðla að auknum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra, hagkvæmra, öruggra og umhverfisvænna samgönguinnviða. Samkomulagið skuli stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta og að leita skuli leiða til að dreifa umferðarlagi með markvissum hætti og bæta þannig nýtingu innviða.

Sérstakur kafli er um flýtingu framkvæmda. Þar kemur fram að aðilar samkomulagsins séu sammála um að leggja til grundvallar sameiginlegar niðurstöður aðila frá því í nóvember 2018 varðandi lykilframkvæmdir og forgangsröðun eins og segir í 1. gr. samkomulagsins. Fyrsta forgangsröðunarmálið er umferðarstýring. Þar segir orðrétt: „Ráðist verður strax í markvissar aðgerðir til að nýta nýjar tæknilausnir og bæta umferðarljósakerfi á höfuðborgarsvæðinu í takt við markmið samkomulagsins.“

Í framhaldsnefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu segir: „Meiri hlutinn tekur undir það sem kemur fram í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar (434. og 435. mál) um mikilvægi þess að greiningarvinna vegna útboðs á ljósastýringum gangi hratt og félagið setji slíkar framkvæmdir í forgang því að slík umferðarstýring hefur veruleg áhrif á umferðarflæði með hlutfallslega litlum tilkostnaði. Bætt umferðarstýring með endurbættri umferðarljósastýringu er ein hagkvæmasta framkvæmdin sem ætlunin er að ráðast í og nauðsynlegt að forgangsráðað verði fyrir því verkefni strax og félagið tekur til starfa. Ráðast þarf í markvissar aðgerðir til að nýta nýjar tæknilausnir í takt við markmið frumvarpsins.“

Ekki hefur verið staðið við þennan þátt samkomulagsins að hálfu Reykjavíkurborgar og má því segja að um forsendubrest sé að ræða. Ekkert hefur verið gert til nýta nýjar tæknilausnir og umferðarljósakerfið hefur ekki verið bætt.

Síðan samkomulagið var gert hefur ljósastýringarkerfið áfram verið í höndum Reykjavíkurborgar sem hélt uppteknum hætti með því að skipta við sama aðila og má rekja þau viðskipti til ársins 2005. Það er engin framtíðarsýn að áfram eigi að nota sama gamla búnaðinn án þess að skoða hvað er að gerast í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þessir viðskiptahættir hafa síðastliðin misseri byggst á ólöglegum útboðum og innkaupum sem sífellt eru kærð til kærunefndar útboðsmála með tilheyrandi töfum og kostnaði. Á meðan Reykjavíkurborg fylgir ekki lögum um opinber innkaup, blæðir borgarbúum, íbúum í

nágrannasveitarfélögum og landsmönnum öllum því umferðin er stopp í Reykjavík. Þessi vinnubrögð tefja þennan málaflokk úr öllu hófi og því á viðfangsefnið að vera í höndum Vegagerðarinnar og/eða Betri samgangna ohf.